



Síldarminjasafnið opnar augu nemendanna

Sú var tíðin að Ísland taldist til þróunarlanda og þurfti á aðstoð að halda til að klóra sig inn í nútímann en á nokkrum áratugum tók íslenskur sjávarútvegur stakkaskiptum. Á hverju ári kemur hingað til lands líftill, sérhæfður hópur fagfólks frá fjarlægustu hornum heimsins sem vill læra af því sem Ísland hefur áorkað.

Fjola K. Guðmundsdóttir
fjola@mbl.is

Víð höfnina í Hafnarfirði, í sama húsi og skrifstofur Hafnarminjasafnunar, eru höfuðstöðvar Sjávarútvegsskóla GRÓ. Á hvert tekur skólinn á móti háskólamenntuðum sérfræðingum frá fjölda þróunarlanda sem leitast við að byggja ofan á sína sérþekkingu innan sjávarútvegs.

Þór Heiðar Ásgeirsson er forstöðumaður Sjávarútvegsskólans en að hans mati er mjög mikilvægt fyrir Ísland að taka virkan þátt í þróunarverkefnum sem þessum.

„Þróunaraðstoð er hugmyndafræði sem á undir högg að sækja í dag vegna ástandsins í heiminum, en þetta er hugmyndafræði sem miðar að því að gera heiminn betri, hjálpa þeim sem eru fátækir og aðstoða þá við að koma þeim á kjöl,“ segir Þór. „Ekki má gleyma því að Ísland var þróunarríki fram til 1976 eða þar um bil og við fengum þróunaraðstoð. Ég myndi segja að við séum að borga til baka fyrir þann stuðning sem við höfum fengið í gegnum tíðina.“

Þór bendir á að vegna smæðar og mannfæðar sé Ísland ekki endilega í stakk búíð að verja háum fjárhæðum í þróunarverkefni og því sé miðlun þekkingar ein öflugasta leiðin til að leggja okkar af mörkum. Hjá GRÓ, sem er þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, eru fjórir skólar þar

sem séríslensk kunnátta og þekking er kjörnuð í kennslu og rannsóknum, en það eru Jarðhitaskólinn, Landgræðsluskólinn, Jafnréttisskólinn og Sjávarútvegsskólinn.

Síldarminjasafnið opinberum

Þór segir að þegar nýir nemendur komi í Sjávarútvegsskólann veki það oft mikla undrun þegar þeir átta sig á því hvað Íslendingar búa við gegnsett kerfi þegar kemur að söfnun og birtingu gagna. Hann segir fáheyrt að aðgengi að slíkum upplýsingum sé svo opið og vísar meðal annars í markaðsgögn á fiskmörkuðum og öll þau gögn sem eru í opnum aðgangi hjá Fiskistofu.

„Það er eiginlega hvergi í heiminum þar sem þú getur slegið inn skráningarnúmer á bát og fengið bara kvótastöðu og hverju var landað í vikunni. Svo er það ráðgjöf Hafró, hún er auðvitað algjörlega opin og þú getur bara séð tækniskýrslur og samantektir og hvernig ástandið er á einhverjum 35 tegundum. Íslendingar eru eiginlega í efsta sæti með þetta aðgengi.“

Umhverfið sem íslenskur sjávarútvegur býr við hefur í raun þróast á tiltölulega stuttum tíma og Þór segir það vera mörgum ákveðinn innblástur. Hann segir að sérstaklega sé einn staður heimsóttur meðan á náminu stendur sem valdi sterkum hughrifum hjá nemendum hvað þetta varðar.

„Við framkvæmum stundum könnun á meðal nemenda og spyrjum hvaða staðir hafi staðið upp úr, og veistu hvað menn eru að tala um? Síldarminjasafnið á Siglufirði,“ upplýsir Þór. „Þar gerast undrin. Vegna þess að menn labba úr þessari há-tækniveröld sem er bara þarna fyrir utan og inn í þetta sögusafn, sem er alveg einstaklega vel hannað, og segja: „Bíddu, við erum hér í dag.“ Bátarnir og veiðarfærin og meðferðin á aflanum. Þau sjá sig bara þarna og þar verður uppljómunin.“

Mikilvægir sendiherrar

Meðan á samtalinu stendur hefur blaðamaður litið í kringum sig á skrifstofu Sjávarútvegsskólans og tekið eftir vegg með myndum af hverjum árgangi frá stofnun skólans. Við nánari eftirgrensulan kemur í ljós að eftir því sem myndirnar færust nær í tíma eru fleiri konur á meðal nemenda. „Það hefur vissulega verið aukning í aðsókn kvenna í skólann,“ segir Þór þegar honum verður ljóst í hvað undirrituð er að rýna. „Við fylgjum jafnréttisstefnu utanríkisráðuneytisins og við erum í raun meðvitaðri um að fá fleiri konur inn og reyna að viðhalda kynjajafnvægi í hópnum.“ Hann bætir þó við að stór hluti ástæðunnar sé að menntunarstig kvenna, til að mynda frá Afríkulöndum, hafi aukist jafnt og þétt og að núorðið hafi mun fleiri konur áhuga á sjávarútvegi.

Sama af hvaða kyni þau eru er ljóst að nemendur fara frá Sjávarútvegsskólanum með gott veganesti. Að sögn Þórs öðlast þau ekki aðeins innýn í gangverk sjávarútvegsins heldur er einnig stuðlað að aukinni leiðtogaferni. Áhersla er lögð á að halda kynningar og koma hugmyndum og rannsóknum á framfæri og



Sjávarútvegsskóli starfræktur í tæpa þrjá áratugi

Sögu Sjávarútvegsskóla GRÓ má rekja allt aftur til ársins 1998 en þá kallaðist hann Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Skólinn starfar undir merkjum UNESCO.

Fyrsti forstöðumaður Sjávarútvegsskólans var fiskifræðingurinn Tumi Tómasson en frá árinu 2019 hefur sjávarvístfræðingurinn Þór Heiðar Ásgeirsson gegnt þeirri stöðu.

Allir nemendur eru þegar með háskólagráðu og starfa sem sérfræðingar í sínu heimalandi en nýta sér sex mánaða nám við Sjávarútvegsskólann til að skerpa á þekkingu sinni innan ákveðins sérsviðs.

Nemendur geta valið um fjórar sérlínur: fiskeldi, fiskveiðistjórnun, fiskifræði og matvælafræði. Þá hafa útskrifaðir nemendur færi á að sækja um styrk til Sjávarútvegsskólans til áframhaldandi meistara- og/eða doktorsnáms við íslenska háskóla.

Fyrsta árið eftir stofnun skólans voru nemendur aðeins sex en fljótlega urðu þeir 20 talsins og í dag tekur skólinn árlega við að hámarki 25 háskólamenntuðum nemendum frá þróunarríkjum víða um heim.



Nemendur fá yfirlitserindi um stöðu heimsveida og fiskeldis, vinnslu og markaðsmála en kynna sjálfir stöðu síns heimlands.

það skilar árangri þegar heim er komið.

Margir fyrrverandi nemendur skólans hafa orðið leiðandi vísindamenn á sínu sviði, eða starfað hjá ráðuneytum og stofnunum sem vinna mikilvæga og stefnumótandi vinnu í heimalandinu. Sjávarútvegsskólinn hefur unnið með um 530 fagaðilum frá 68 löndum alls og þeir eru staðsettir víðs vegar um heiminn. Segir Þór að margir séu þeir viljugir til að veita aðstoð og ráðgjöf þegar íslenskar stofnanir og fyrirtæki leita sér upplýsinga um nýja markaði, rannsóknir eða samstarf. „Þetta eru bara hálfgerðir ambassadorar Íslands í þessum löndum,“ árettar Þór.

Gagnavinnsla og kynbætur

Einn slíkur „ambassador“ framtíðarinnar er fiskifræðingurinn og Úgandamaðurinn Jessy Lugya en blaðamanni gefst færi á að spjalla við hann að loknu viðtalinu við Þór. „Það sem ég er sérstaklega að vinna að hér er að meta umhverfisáhrif fiskeldis í kvíum í Viktoríuvatni,“ útskýrir Lugya á ensku. „Viktoríuvatn er annað stærsta stöðuvatn í heimi og þar ala margir fiskar í kvíum,

aðallega nílartilapíu (l. Oreochromis niloticus). Mitt rannsóknarverkefni snýst um það að greina gögn tíu ár aftur í tímann til að sjá hvort orðið hafi einhver uppsöfnuð áhrif af þessum kvíum á vistkerfi vatnsins.“

Lugya er með BS-gráðu í sjávarútvegs- og lagareldisfræði frá Makerere-háskólanum, elsta háskóla Úganda, og meistargráðu í fiskeldisfræði frá Ghent-háskólanum í Belgíu. Hann starfar nú við Fiskirannsóknarstofnun Úganda en síðustu fjóra mánuði hefur hann stundað nám við Sjávarútvegsskóla GRÓ þar sem hann hefur lagt sérstaka áherslu á að bæta við sig þekkingu í sjálfbærni fiskeldis, ekki síst hvað varðar gagnaöflun og gagnaúrvinnslu.

Lugya segir að hann hafi þegar grætt verulega á því að fá innsýn í þau tæki og tól sem íslensk fyrirtæki á sviði sjávarútvegs og fiskeldis búa yfir. „Við höfum heimsótt mörg áhugaverð fyrirtæki, við heimsóttum First Water og Benchmark Genetics og ég sá af eigin raun hvernig þau safna gögnum og vinna úr þeim,“ útskýrir hann. „Það hefur gert mér kleift að sanka að mér þekkingu og hæfni sem ég mun geta

tekið með mér til baka og reynt að nýta til að styðja við eldisgeirann í Úganda.“

Heimskólinn til Benchmark Genetics er Lugya sérstaklega minnisstæð en hún opnaði augu hans fyrir þeim möguleikum sem eru fyrir hendi í kynbótum fiska. „Þau hafa bætt genin og geta nú framleitt fisk sem vex hraðar og fisk sem er sem ákjósanlegastur fyrir viðskiptavinina,“ segir Lugya ákafur. „Þetta var stór lexía fyrir mig vegna þess að í Úganda tókum við einfaldlega fisk úr náttúrunni og látum hann vaxa án þess að hugsa út í val eða þróun og þegar upp er staðið gerir það okkar fiskeldi mjög kostnaðarsamt, því þú ert aldrei að bæta framleiðsluna eða afurðina,“ útskýrir hann. „Nú er ég með þetta á heilanum, að við verðum að vinna að kynbótum til að lækka kostnaðinn við eldið og gera greinina arðbærari.“

Eignast verðmætt tengslanet

Heimskólinn Lugya á vegum skólans einkorðuðust þó ekki við suðvesturhornið en Sjávarútvegsskólinn er í samstarfi við fyrirtæki vítt og breitt um landið. Meðal annars fékk



Morgunblaðið, 11.04.2026, síðu 73.
grein stærð: 505.76 sm²
grein hæð: 18.63 sm

Árleg heimsókn nemenda á Sildarmínjasafnið á Siglufirði vekur jafnan mikla lukku.



Pór segir að íslenskur sjávarútvegur og fyrirtæki honum tengd hafi alla tíð tekið vel á móti nemendum Sjávarútvegsskólans. Hjá Hampiðjunni fá nemendur m.a. fræðslu um veiðarfæri.



Morgunblaðið/Eggert

Jessy Lugya, fiskifræðingur frá Úganda, og Þór Heiðar Ásgeirsson forstöðumaður Sjávarútvegsskólans fyrir utan skrifstofur skólans en að baki er rannsóknaskipið Þórunn Þórðardóttir.

Lugya tækifæri til að heimsækja fæðuverksmiðjuna Laxá á Akureyri og opnaði innlitið augu hans fyrir því hvernig fæðurflutningar geta verið skilvirkari og umhverfisvænni en hann á að venjast. Í Úganda segir hann að mjöl sé að mestu flutt í 25-50 kílóa sekkjum en á Íslandi er fæður flutt beint í tönkum.

„Eftir framleiðsluna er fæðrinu dælt í tank á bílnum sem flytur þar beint á áfangastað og fyllir þar á fæðursíló. Þetta myndi minnka verulega plastmengun sem er skaðleg fyrir umhverfið okkar og ég hyggst fara til baka og taka þetta upp við fæðurframleiðendur í Úganda,“ segir Lugya. „Þetta er bara eitt dæmi um þær lexíur sem ég hef viðað að mér hér og þar. Ég ætla að taka þær með mér heim og deila með greininni heima í Úganda og sjá hvað við getum bætt.“

Eitt það verðmætasta sem Lugya segist þó hafa öðlast eftir kynni sín af íslensku fyrirtækjunum er tenging við sérfræðinga á ýmsum sviðum sjávarútvegs. „Það býður upp á nýja samvinnu. Nú hef ég sé hvernig þau gera hlutina og hverjir gera þá og þegar ég fer aftur heim og vil koma á samstarfi við alþjóðlega viðurkennda sérfræðinga, þá er ég með tengingu,“ segir hann. „Þetta er eitt það besta sem Sjávarútvegsskóli GRÓ gefur þér.“

Lærdómur um íslenskan sjávarútveg og öflugra tengslanet er þó ekki það eina sem Lugya mun taka með sér þegar hann yfirgefur landið í maí en þegar blaðamaður spyr hvað annað standi upp úr það sem af er dvölinni hlær hann svolítið við. „Ég er virkilega hrifinn af íslensku sundlaugunum. Okkur stóð til boða að taka sundnámskeið og mér líkar mjög vel að fara í sund,“ segir hann. „Svo er það landslagið. Við fórum norður á Akureyri til að heimsækja fæðuverksmiðjuna og ég var afar hrifinn af fjallalandslaginu þar. En það var kannski aðeins of kalt,“ bætir Lugya glettinn við að lokum.